



FUNDARGERÐ 462. FUNDAR STJÓRNAR SORPU

Stjórnarfundur SORPU bs., kt. 510588-1189, mánudaginn 20. desember 2021. Fundurinn er settur klukkan 12:06. Fundurinn er staðfundur að Gylfaflöt 5 og fjarfundur.

Fundarstjóri: Líf Magneudóttir formaður, fundarritari: Gunnar Dofri Ólafsson.

Mætt: Bjarni Torfi Álfþórsson, Jóna Sæmundsdóttir, Kolbrún Þorsteinsdóttir, og Líf Magneudóttir.

Sækja fund með fjarfundarbúnaði: Birkir Jón Jónsson, Kristinn Andersen.

Jón Viggó Gunnarsson framkvæmdastjóri, Sigríður Katrín Kristbjörnsdóttir fjármálastjóri og Gunnar Dofri Ólafsson, samskipta- og þróunarstjóri sækja staðfund.

Tekið fyrir

1. Staðan á úttekt GAJA og næstu skref.

Eiður Guðmundsson, staðarstjóri í Álfnesi, Guðjón Jónsson efnaverkfræðingur hjá VSÓ ráðgjöf og Haraldur Flosi Tryggvason Klein lögmaður LMG tengjast fundi í upphafi fundar með fjarfundarbúnaði.

Guðjón og Haraldur gera grein fyrir stöðu á úttekt á GAJU.

Stjórn SORPU bs. bókar eftirfarandi:

„Úttektin er enn í gangi og stjórn SORPU þakkar fyrir upplýsingar um framvindu mála og næstu skref.“

Eiður og Guðjón aftengjast fundi klukkan 13:10.

2. Staðan á verkefni með Ými Technologies

Gunnar Bragason tekur sæti á fundinum klukkan 13:11.

Guðjón gerir grein fyrir stöðunni á verkefnum Ýmis Technologies og samstarfi við SORPU.

Guðjón vísar af fundi klukkan 13:35.

3. Fatasöfnun Rauða Krossins

Framkvæmdastjóri gerir grein fyrir viðræðum SORPU við Rauða krossinn vegna fatasöfnunar.



4. Framlenging á lánalínu til 31.12.2022

Fjármálastjóri gerir grein fyrir framlengingu á lánalínu SORPU hjá Íslandsbanka til 31.12.2022.

Stjórn SORPU bs. bókar eftirfarandi

„Stjórn SORPU samþykkir að vísa framlengingu á lánalínu til eigendavettvangs SORPU.“

5. Önnur mál.

Framkvæmdastjóri upplýsir stjórn um nýfallinn dóm í máli ÍAV gegn SORPU. Dómurinn er til skoðunar hjá lögmönnum SORPU og verið að meta næstu skref í málinu.

Fleira var ekki gert og fundi slitið 13:59.